



Reykjavíkurborg  
Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2021  
R20120043

Borgarráð

***Erindisbréf - Atvinnu- og nýsköpunarstefna***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu til 2030 og skipi fimm fulltrúa í hópinn.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Erindisbréf stýrihóps um mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu til 2030, drög.

## Erindisbréf

### Stýrihópur um mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu til 2030

#### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

#### Inngangur:

Atvinnustefna Reykjavíkurborgar var samþykkt árið 2012. Fjöldi verkefna úr aðgerðaáætlun atvinnustefnunnar hafa komið til framkvæmda á undanförunum árum en nú er orðið tímabært að endurskoða hana. Á kjörtímabilinu hefur farið fram undirbúningsvinna fyrir stefnumörkun í nýsköpunar- og snjallborgarmálum hjá Reykjavíkurborg og hefur sú vinna m.a. leitt í ljós mikilvægi þess að líta á atvinnumál og nýsköpun sem heild. Atvinnu- og nýsköpunarstefnu er því ætlað að sameina þessar áherslur í áætlunum, mælanlegum markmiðum, markvissum aðgerðum og skilgreindum ávinningi. Mótun nýrrar atvinnu- og nýsköpunarstefnu er eitt helsta innleiðingartæki Græna plans Reykjavíkurborgar og stefnan ein af meginstefnum plansins. Sviðsmyndagreiningin eigi einnig að nýtast fyrir samfélagslega vídd Græna plansins.

#### Hlutverk:

Hlutverk stýrihópsins er að móta stefnu Reykjavíkurborgar í atvinnu- og nýsköpunarmálum til 2030. Ný stefna mun leggja til framtíðarsýn fyrir atvinnugreinar, atvinnuhætti og nýsköpunarumhverfi Reykjavíkurborgar.

#### Helstu áherslur:

- Uppbygging og nýting atvinnuhúsnæðis og atvinnusvæða sé í samræmi við markmið borgarinnar og þarfir atvinnulífsins. Sérstök áhersla verði á þekkingar- og vaxtarsvæði og að fjölbreytt atvinnulíf blómstri í öllum hverfum borgarinnar.
- Þróun Reykjavíkur sem snjallborgar með tilliti til allra stefnumálaflokka Reykjavíkur.
- Skilvirkir innviðir til að styðja við öfluga nýsköpun og samkeppni.
- Skilvirk, aðgengileg og gagnsæ þjónusta borgarinnar við atvinnulíf og íbúa.
- Móta umgjörð um samstarf við atvinnulíf, nýsköpunarumhverfi og stofnanir, þ.m.t. klasasamtök, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Einnig að skoða og skilgreina hugsanlega aðkomu slíkra aðila að starfsemi Reykjavíkurborgar og B-hluta fyrirtækja hennar.
- Efla samkeppnishæfni Reykjavíkurborgar og mörkun hennar sem eftirsóknarverður staður til að búa og starfa í, fjárfesta, stofna og stækka fyrirtæki, og heimsækja.
- Við mótun stefnunnar verði horft til stefnumörkunar í tengdum málaflokkum, t.d. útflutningsstefnu Íslandsstofu, nýsköpunarstefnu Íslands, sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 og mótun höfuðborgarstefnu sem er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðsins.

## Helstu verkefni:

- Atvinnu- og nýsköpunarstefna með framtíðarsýn fyrir atvinnugreinar, atvinnuhætti og nýsköpunarumhverfi Reykjavíkurborgar.
- Sérstaklega verður metið hvaða greiningar þarf að leggjast í við undirbúning stefnunnar en að lágmarki er gert ráð fyrir eftirfarandi greiningum:
  - Sviðsmynda- og áhættugreining á sjálfbærnivíddum Græna plansins í þeim tilgangi að skilgreina styrkleika, veikleika og helstu ógnanir og tækifæri til næstu 10 ára.
  - Úttekt á umhverfi nýsköpunar í borginni með áherslu á leiðir til umbóta, aukinnar skilvirkni, samvinnu og árangurs.
- Í framhaldi af samþykkt atvinnu- og nýsköpunarstefnunnar verða unnar úttektir og aðgerðaráætlanir eftir þörfum.
- Kostnaðarmat tillagna er lagðar verða fram.

## Stýrihópin skipa:

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (formaður)

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Katrín Atladóttir

Fulltrúi atvinnulífsins

Fulltrúi nýsköpunar

Með stýrihópnum starfar starfsfólk skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og þjónustu- og nýsköpunarsviðs auk þess sem heimild er til að ráða ráðgjafa.

## Til ráðgjafar og samstarfs:

Hópurinn leitar ráðgjafar og samráðs eftir því sem við á hjá aðilum innan og utan borgarkerfis með sérþekkingu á viðfangsefninu og tryggi aðkomu fyrirtækja borgarinnar og annarra hagsmunaaðila eins og við á. Hópurinn styðjist einnig við undirbúningsvinnu stýrihóps um nýsköpunar- og snjallborgarstefnu Reykjavíkur sem og önnur fyrirliggjandi gögn er málið varðar.

## Starfstímabil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni tillögum fyrir lok júní 2021.

Reykjavík, dags.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað dags. október 2020: Atvinnu- og nýsköpunarstefna – Samhengi og samband.

# MINNISBLAÐ

## Atvinnu- og nýsköpunarstefna – samhengi og samband

Október 2020

### Forsaga

Atvinnustefna Reykjavíkurborgar var samþykkt árið 2012. Stefnan er víðtæk og tekur til fjölda mála en hefur ekki verið uppfærð. Nú hefur uppfærsla stefnunnar verið sett á dagskrá fyrir árið 2021 sem hluti af innleiðingu Græna plansins. Eftir kosningar 2018 varð til nýtt ráð innan Reykjavíkurborgar: Mannréttinda-, lýðræðis og nýsköpunarráð (MLN). Á síðasta ári var stofnað nýtt svið innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar: Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON). Í kjölfar stofnunar nýs sviðs ákvað MNL að setja af stað vinnu við nýsköpunarstefnu. Þegar kom í ljós að líklegt væri að þessi tvö verkefni gætu skarast að miklu leyti var óskað eftir því að unnið yrði minnisblað um helstu mál og verkefni þessara stefnuskjala til þess að tryggja samræmi og koma í veg fyrir tvíverknad.

### Atvinnustefna

Atvinnustefna er íslenskun á hugtökunum „Economic development policy“ og „industrial policy“. Atvinnuþróun í gegnum atvinnustefnu má skilgreina sem sjálfbæra aukningu hagsældar og lífsgæða með nýsköpun, lækkun viðskiptakostnaðar og hagkvæmari nýtingu atvinnuþátta samfélagsins.

Hugmyndafræði atvinnuþróunar miðar að því að auka lífsgæði innan ákveðins svæðis með aðgerðum sem setja viðkomandi svæði á hærri vaxtarkúrfu en hún væri án aðgerðanna. Þessar aðgerðir miða að því að auka framleiðni fyrirtækja á svæðinu sem greiða þá hærri laun sem bætir hag heimila og stækkar skattstofn opinberra aðila sem eru notaðir til þess að fjármagna innviði og rekstur.

Núgildandi atvinnustefna Reykjavíkurborgar, „*Skapandi borg*“, sem var samþykkt árið 2012 hefur eftirfarandi sex leiðarljós:

- Reykjavík skapi kjörumhverfi þar sem einstaklingar og fyrirtæki sjá tækifæri í því að stofna til atvinnurekstrar.
- Reykjavík styrki hlutverk sitt sem höfuðborg landsins og forystuafli í vaxandi alþjóðlegri samkeppni um fyrirtæki, fjárfestingu, vinnuafli og ferðamenn.
- Reykjavík verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum, mannréttindum og jafnréttismálum og axli forystuhlutverk við uppbyggingu og sjálfbæra þróun íslensks samfélags.
- Reykjavík verði í fararbroddi grænnar þróunar. Heilnæmt umhverfi og fagurt mannlíf verði í fyrirrúmi.
- Reykjavík þróist og dafni sem alþjóðleg menningar- og þekkingarborg þar sem eftirsóknarvert er að búa og starfa og gott er að vera gestur.
- Reykjavíkurborg geri það sem í hennar valdi stendur til að atvinnulíf í Reykjavík byggi á fjölbreytni, háu þekkingarstigi, sköpunarkrafti, öflugum útflutningi og verðmætasköpun og styðji þannig við samkeppnishæfni Íslands til skemmri og lengri tíma.

Í inngangstexta formanns atvinnumálahóps er kjarna atvinnustefnunnar lýst á eftirfarandi hátt:

*Reykjavíkurborg vill skapa hagkvæm skilyrði fyrir atvinnulífið í borginni og stuðla að stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, með áherslu á fjölbreytni, **hátækni og nýsköpun** á grundvelli hugmyndafræði um sjálfbæra þróun og vistvæna orkunýtingu.*

*Þetta verður gert með skipulagsaðgerðum, uppbyggingu traustra og skilvirkra innviða og samhæfingu og einföldun verkferla innan borgarkerfisins, auk þess sem rík áhersla verður lögð á að borgin veiti góða þjónustu og verði þannig áfram eftirsóknarverður staður fyrir fólk til búsetu og starfa. Til að **stuðla að nýsköpun og markvissri***

*Þróun mun borgin hafa forgöngu um samstarf fjölmargra aðila sem gegna lykilhlutverkum í þekkingarsköpun og atvinnulífi. Einnig er borgin reiðubúin til að auka eigin fjárfestingar tengt **atvinnuuppbyggingu og nýsköpun** samhliða því að unnið verði skipulega að markaðssetningu borgarinnar fyrir innlenda og erlenda fjárfestingu.*

Eins og kemur glögglega fram í þessum texta þá er nýsköpun óaðskiljanlegur hluti af atvinnustefnu svæða. Hún er ein af grunneiningum þess atvinnulífs sem Reykjavíkurborg vill skapa hagkvæm skilyrði fyrir.

## Nýsköpunarstefna


Nýsköpunarstefna (e. innovation policy) er stefna opinberra aðila sem snýr að eflingu nýsköpunar innan ákveðins svæðis. Það eru ekki margar borgir með sérstaka nýsköpunarstefnu en hugtakið Snjallborg (e. Smart City) hefur verið nokkuð vinsælt undanfarin ár. Margar borgir hafa lagt fram sérstaka snjallborgarstefnu sem horfir meðal annars á hlutverk borga í nýsköpunarumhverfinu. Samkvæmt Evrópusambandinu er snjallborg:

*„staður þar sem hefðbundin net og þjónustur eru gerð skilvirkari með notkun á stafrænni- og samskiptatækni til hagsbóta fyrir íbúa og atvinnulíf“.*

Grunnhugmyndin byggir því á hagnýtingu upplýsingatækni sem lykil að framförum. Nýsköpun á ýmsum sviðum hefur verið eitt af lykilatriðum í þeim mikla vexti og öru þróun sem orðið hefur í Reykjavík á undanförunum árum. Reykjavíkurborg hefur verið leiðandi á því sviði og fékk m.a. fyrst sveitarfélaga nýsköpunarverðlaun í opinberum rekstri árið 2015 fyrir uppbyggingu geðheilsumiðstöðvar í Breiðholti. Þrátt fyrir góðan árangur á þessu sviði, í samanburði við aðra opinbera aðila hér á landi, er mikill vilji og áhugi fyrir því að Reykjavíkurborg geri enn betur, nái heildaryfirsýn yfir nýsköpunarstarfsemi á vegum Reykjavíkurborgar, forgangsraði áhersluatriðum og setji viðbótarfjármagn í nýsköpunar- og þróunarverkefni og marki sér um leið skýra stefnu á sviði nýsköpunar og þróunar.

Á síðasta ári var samþykkt nýsköpunarstefna fyrir Ísland og er hún einn af mörgum hvötum fyrir því að Reykjavíkurborg setji sér sína eigin nýsköpunarstefnu. Hér má sjá myndræna framsetningu á Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland. Þar mynda auðlindir og menning grundvöll stefnunnar sem skiptist svo í fimm stöðir: hugarfar, fjármagn, markaðsaðgengi, umgjörð og mannaútur.

Nýsköpunarstefnan er hvorki með langan kafla um núverandi stöðu né heldur tölusett markmið heldur horfir hún til þess hvernig hið opinbera getur eflt stöðir nýsköpunar: hugarfar, fjármagn, markaðsaðgengi, umgjörð og mannaútur.



<sup>1</sup> [https://ec.europa.eu/info/eu-regional-and-urban-development/topics/cities-and-urban-development/city-initiatives/smart-cities\\_en](https://ec.europa.eu/info/eu-regional-and-urban-development/topics/cities-and-urban-development/city-initiatives/smart-cities_en)

## Samantekt og tillögur

Lagt er til að atvinnustefna borgarinnar og nýsköpunarstefna sameinist í: atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar sem verður ein af kjarnastefnum Græna plansins.

Ný stefna mun leggja til framtíðarsýn fyrir atvinnugreinar, atvinnuhætti og nýsköpunarumhverfi Reykjavíkurborgar. Í kjölfar stefnunnar verða unnar sérstakar aðgerðaráætlanir. Ágætis fyrirmynd fyrir þetta verklag er Nýsköpunarstefna fyrir Ísland og aðgerðaráætlun um opinbera nýsköpun sem var kynnt í kjölfar nýsköpunarstefnunnar.

Í nýrri stefnu verði kortlögð og skilgreind tækifæri, bæði til innri og ytri nýsköpunar.

**Innri nýsköpun** í þessu samhengi horfir til nýsköpunar í starfsemi Reykjavíkur á sama hátt og aðgerðaráætlun um opinbera nýsköpun. Þar verði kortlögð núverandi staða nýsköpunar innan borgarkerfisins, lögð drög að samræmdu verklagi við nýsköpun borgarinnar með verkefnum eins og nýsköpunarhröðlum. Þar verði einnig mótuð umgjörð um hlutverk þjónustu- og nýsköpunarsviðs við eflingu nýsköpunar í borginni.

**Ytri nýsköpun** horfir til þess að efla nýsköpun innan fyrirtækja í Reykjavík, bæði starfandi fyrirtækja og frumkvöðla, og kynna borgina á heimsvísu sem nýsköpunarborg. Í undirbúningsvinnu Græna plansins er gert ráð fyrir því að sú vinna verði að ákveðnu leyti byggð upp á eflingu þekkingarkjarna á sértækum sviðum eins og vísindabörps í Vatnsmýri, kvikmyndabörps í Gufunesi, haftengdri nýsköpun á Granda o.s.frv.

